

Í ljósi breyttra aðstæðna í ríkisfjármálum hefur Ríkisendurskoðun ákveðið að hrinda af stað átaksverkefni í sambandi við eftirlit með framkvæmd fjárlaga, innra eftirlit, sparnaðaraðgerðir og mat á áhrifum samdráttar fjárveitinga á gæði og magn þjónustu. Helstu liðir í verkefninu eru heimsóknir í ráðuneyti og stofnanir og opinber skýrslugjöf um þær heimsóknir. Eins stendur til að vinna stuttar og hnitmiðaðar úttektir á völdum stofnunum þar sem farið er nánar í fyrirnefnd atriði. Þær úttektir verða sömuleiðis gerðar opinberar.

Ríkisendurskoðun mun á næstu dögum óska eftir fundum með fjármála-skrifstofum ráðuneytanna til að fara yfir útkomu stofnana gagnvart fjárlögum liðins árs, skil rekstraráætlana vegna ársins 2009 og eftirfarandi gátlista er varðar eftirlit með framkvæmd fjárlaga, innra eftirlit og áætlanir um samdrátt.

1. Hafa orðið breytingar á eftirliti með framkvæmd fjárlaga?
2. Hvernig mega stofnanir nýta uppsafnaðar fjárheimildir á árinu?
3. Verða ofnýttar heimildir fluttar milli ára?
4. Lagði ráðuneytið mat á tekjuáætlun stofnana?
5. Hafa orðið breytingar á eftirliti með samningum og styrkjum?
6. Hafa áherslur vegna innkaupa, ferðakostnaðar, risnu o.fl. breyst?
7. Hafa verið gerðar einhverjar áætlanir um sparnaðarmöguleika, t.d. til að undirbúa fjárlög 2010?
8. Hefur verið lagt mat á áhrif samdráttar fjárveitinga á rekstur einstaka stofnana?
9. Hefur verið lagt mat á hvort álag á einstaka stofnanir muni aukast?
10. Hver ákveður hvar er skorið niður í starfsemi einstaka stofnana?
11. Hvernig verður fylgst með að stofnanir nái markmiðum sínum, fjárhags- og faglegum?

Auk þess að fara í gegnum gátlistann munu starfsmenn Ríkisendurskoðunar kynna þær forsendur sem ráða vali á þeim stofnunum sem verða heimsóttar og drög að gátlista fyrir heimsóknirnar.